

AUGLÝSING

um skipulag í Eyjafjarðarsveit.

Deiliskipulag íbúðarbyggðar í Reykárhverfi IV.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur á fundi sínum hinn 12. febrúar 2008 samþykkt tillögu að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Reykárhverfi IV. Svæðið afmarkast af lóð Hrafnagilsskóla að sunnan, Þjóðvegi 821 að vestan, landamerkjunum að Grísará að norðan og Eyjafjarðará að austan. Svæðið er samtals 8,6 ha og ætlað fyrir 37 íbúðarhús. Uppbygging skiptist í 3 áfanga. Engar athugasemdir bárust við tillöguna sem hlotið hefur þá meðferð sem fyrir er mælt í 1. og 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þverár I.

Breytingin felst í tilfærslu lóða í neðri húsaröð skipulagssvæðisins. Lóð norðan aðkomuvegar færir suður fyrir veginn og lóð sem fyrir var hliðrast til suðurs. Tillagan var samþykkt af sveitarstjórn hinn 24. febrúar 2008 hefur hún hlotið þá meðferð sem fyrir er mælt í 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillögur þessar öðlast þegar gildi.

F. h. sveitarstjórnar, 11. mars 2008,

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 1. apríl 2008